


Gott samstarf – betra fyrir börnin

Skýrsla starfshóps um markvissara samstarf
frístundaheimila, félagsmiðstöðva og grunnskóla í Reykjavík

Desember/2019



Reykjavíkurborg

Inngangur

Þann 16. nóvember 2018 var skipaður starfshópur um markvissara samstarf frístundaheimila og félagsmiðstöðva við grunnskóla í Reykjavík.

Hlutverk starfshópsins var, samkvæmt erindisbréfi, að auka samstarf frístundaheimila, félagsmiðstöðva og grunnskóla með heildarhagsmunum barna og unglunga að leiðarljósi. Tillaga að stofnun hópsins var sett fram í [skýrslu starfshóps um bætt starfsumhverfi fagfólks á vettvangi frístundastarfs](#).

Helstu verkefni starfshópsins voru eftirfarandi:

- Koma með tillögur að því sem betur má fara í samstarfi frístundaheimila, félagsmiðstöðva og grunnskóla er varða samstarf, samnýtingu húsnæðis og viðhorfs gagnvart starfsemi hvors annars.
- Halda málþing með fulltrúum frístundamiðstöðva og grunnskóla til að efla gagnkvæman skilning á möguleikum og tækifærum í öflugara samstarfi.

Starfshópurinn skipuðu Sigrún Sveinbjörnsdóttir fulltrúi fagskrifstofu, Guðrún Edda Bentsdóttir fulltrúi fagskrifstofu, Bára Jóhannsdóttir fulltrúi grunnskóla, Arndís Steinþórsdóttir fulltrúi grunnskóla, Þóra Melsted fulltrúi frístundamiðstöðva og Sigurbjörg Kristjánsdóttir fulltrúi frístundamiðstöðva.

Starfshópurinn starfaði á tímabilinu 16. nóv. 2018 til 26. apríl 2019. Hópurinn hélt alls 11 fundi.

Á fyrstu fundum hópsins var farið í hugarflug um hvað gengur vel í samstarfi grunnskóla og frístundaheimila/félagsmiðstöðva og hvað betur mætti fara í samstarfinu. Þá lét hópurinn vinna könnun á viðhorfum grunnskólastjóra og forstöðumanna frístundaheimila og félagsmiðstöðva á samstarfinu. Hópurinn hélt svo málþing þann 14. mars 2019 fyrir stjórnendur frístundamiðstöðva, frístundaheimila, félagsmiðstöðva og grunnskóla. Í skýrslunni verður sagt frá þessum greiningum og niðurstöðum málþings, auk þess sem aðeins verður farið í það hvað fræðin segja um samstarf. En fyrst eru helstu tillögur hópsins dregnar fram í samantekt. Í lok skýrslunnar er sett fram innleiðingaráætlun auk þess sem settir eru fram mælikvarðar fyrir árangur um aukið samstarf.

Samantekt - helstu tillögur um markvissara samstarf

1. Meðferð upplýsinga sem snúa að velferð barna

Skrifstofa skóla- og frístundasviðs kanni með hvaða hætti megi gera breytingar á verkferlum, lögum og reglugerðum þannig að starfsfólk frístundaheimila og félagsmiðstöðva fái nauðsynlegar upplýsingar um einstaklinga og hópa til að geta komið sem best til móts við þarfir barna og unglunga.

2. Húsnæði

Skýra upp verklag í kringum nýtingu frístundaheimila og félagsmiðstöðva á húsnæði grunnskóla og nýtingu grunnskóla á húsnæði frístundaheimila og félagsmiðstöðva í samstarfi við umhverfis- og skipulagssvið og tryggja að alls staðar sé unnið samkvæmt því. Í því tilliti þarf m.a. að uppfæra form fyrir húsnæðissamninga eða jafnvel leigusamninga milli grunnskóla og frístundmiðstöðva, sbr. 10. gr. í reglum um þjónustu frístundaheimila og félagsmiðstöðva.

3. Auka gagnkvæma virðingu

- a. Leitað verði allra leiða til að auka þekkingu á starfi hvers annars, auka samstarf, vinna að sameiginlegum verkefnum, fá sameiginlega fræðslu og um leið auka gagnkvæma virðingu. Þau tækifæri sem gefast við innleiðingu nýrrar menntastefnu verði nýtt í þessum tilgangi.
- b. Í öllum grunnskólum verði sameiginlegar kynningar á grunnskóla- og frístundastarfi fyrir foreldra.

4. Samstarfssamningur

Grunnskólar, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar sem starfa í sama skólahverfi vinni verklag um samstarf sín á milli og áætlun fyrir hvert skólaár. Þar komi til dæmis fram hvernig reglubundnum samstarfs- og upplýsingafundum er háttað, yfirlit yfir sameiginlega viðburði, sameiginlega starfsdaga/fræðslu, samstarf um óhefðbundna daga, meðferð og miðlun upplýsinga og samnýtingu á húsnæði. Skrifstofa skóla- og frístundasviðs útbúi form fyrir slíkan samstarfssamning fyrir skólaárið 2020-2021.

5. Kynning fyrir stjórnendum

Kynning á tillögum hópsins fari fram á stjórnendafundum í borgarhlutunum fimm á vorönn 2020. Þar verði einnig farið yfir það hvers konar samstarf kveðið er á um að sé milli grunnskóla, frístundaheimila og félagsmiðstöðva í Reykjavík samkvæmt stefnum, áætlunum og verkferlum skóla- og frístundasviðs, lögum og reglugerðum.

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Samantekt - helstu tillögur um markvissara samstarf	3
Efnisyfirlit.....	4
1. Hvað vitum við um samstarf grunnskóla og frístundaheimila/félagsmiðstöðva	5
Þverfaglegt samstarf.....	5
Hvers konar samstarf á að vera milli grunnskóla og frístundaheimila/félagsmiðstöðva í Reykjavík?	6
2. Lykilþættir góðrar samvinnu.....	9
3. Könnun um samstarf grunnskóla og frístundaheimila/félagsmiðstöðva	9
3.1 Samstarf.....	10
3.2 Samnýting á húsnæði	10
3.3 Virðing.....	11
3.4 Opin svör	13
4. Niðurstöður málþings.....	14
5. Niðurstöður og tillögur	15
Tillögur að aðgerðum	15
6. Innleiðingaráætlun	17
7. Mælikvarðar á aukið samstarf	17
8. Kostnaðarmat tillagna	18
Fylgiskjal I: Opin svör úr könnun	19
SVÖR GRUNNSKÓLASTJÓRA	19
SVÖR FORSTÖÐUMANNA FRÍSTUNDAHEIMILA	23
SVÖR FORSTÖÐUMANNA FÉLAGSMIÐSTÖÐVA.....	25

1. Hvað vitum við um samstarf grunnskóla og frístundaheimila/félagsmiðstöðva

Þverfaglegt samstarf

Margir aðilar koma við sögu í menntun og umönnun barna og unglunga. Þar má nefna foreldra, ömmur, afa, systkini, kennara, frístundaráðgjafa, íþróttþjálfara, námsráðgjafa og hjúkrunarfræðinga. Aukin áhersla á þætti eins og heilbrigði, velferð, lýðræði og jafnrétti í Aðalnámsskrá grunnskóla gerir auknar kröfur á kennara og annað starfsfólk grunnskóla. Mörgum kennurum finnst þeir ekki vera undir það búinir að taka að sér þetta aukna hlutverk. Kennurum finnst mikið álag fylgja erfiðum samskiptum við foreldra, agamálum, hegðunarerfiðleikum og skorti á björgum fyrir nemendur með hegðunar- eða námserfiðleika (sjá skýrslu starfshóps um Nýliðun og bætt starfsumhverfi grunnskólakennara: https://reykjavik.is/sites/default/files/sfs_starfsumhverfi_grunnskolakennara-skyrsla_starfshops_um_nyliðun_og_baett_starfsumhverfi_grunnskolakennara_i_reykjavik_2017-lok121217.pdf). Einnig felast miklar áskoranir í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefbundum hugmyndum um menntun. Þessum áskorunum er nýrri Menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 ætlað að mæta. En á Íslandi líkt og í helstu þjóðum heims er nú lögð aukin áhersla á samspil skóla og þess sem gerist utan skóla (úr glærum Kolbrúnar Pálsdóttur á málþingi starfshópsins). Menntastefna Reykjavíkurborgar er stefna skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar og er starfsfólki leikskóla, grunnskóla, frístundaheimila og félagsmiðstöðva ætlað að vinna saman að því að vinna með grunnþætti stefnunnar sem eru félagshæfni, sjálfsefning, sköpun, læsi og heilbrigði.

Það getur orðið mikill ávinningur af því að leggja saman krafta hinna ýmsu sérfræðinga til að ráðast á sömu vandamálin samtímis með margvíslegum hugmyndum, hæfileikum og aðferðum. Slíkt samtarf getur verið allt frá því að upplýsa annað fólk um hvað sé um að vera og bera saman bækur sínar, upp í að koma á þverfaglegum fundum um einstök tilfelli þar sem hinir ýmsu aðilar hittast og deila upplýsingum og ákveða í sameiningu til hvaða aðgerða, ef einhverra eigi að grípa (Sigrún Sveinbjörnsdóttir og Svanbjörg Helena Jónsdóttir, 1998). Á málþinginu 14. mars varpaði Kolbrún Pálsdóttir fram fjórum stigum samstarfs (Davis, 2011).

- Samráð (e. Co-operation)
 - Betra upplýsingaflæði milli sviða og/eða stofnana
 - Samskipti/flæði upplýsinga geta verið formleg eða óformleg
- Samstarf (e. Collaboration)
 - Fólk ræðir saman um skipulag og áætlanir – hagnýt og „praktísk“ vinna
- Samvinna (e. Co-ordination)
 - Samvinna um skipulag og sameiginleg gildi
- Samþætting (e. Merger/integration)
 - Tvær eða fleiri fagstéttir vinna samhliða að sameiginlegu markmiði

Í innleggi Kolbrúnar kom einnig fram að samvinna byggir á m.a. á virðingu og trausti og að staðalmyndir um fagstéttir séu upprættar. Þar er verk að vinna skv. könnun sem starfshópurinn lagði fyrir stjórnendur grunnskóla, frístundaheimila og félagsmiðstöðva. Einnig að samvinna byggir á sveigjanleika, að hugsa út fyrir kassann, að hafa barnið í brennidepli með heildstæða nálgun að leiðarljósi, lærdómssamfélögum fagfólks, skýrri sameiginlegri sýn og gildum. Hefur starfshópurinn miklar væntingar til þess að sameiginleg Menntastefna Reykjavíkurborgar hjálpi vel til með þetta.

Hvers konar samstarf á að vera milli grunnskóla og frístundaheimila/félagsmiðstöðva í Reykjavík?

Víðs vegar í stefnum, áætlunum og verkferlum skóla- og frístundasviðs, lögum og reglugerðum er þess getið að grunnskólum og frístundaheimilum/félagsmiðstöðvum beri að vera í samstarfi um velferð barna. Má það helst nefna eftirfarandi:

- **Tillaga um stofnun skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar**
 - *Eitt af markmiðunum með stofnun sviðsins var að stuðla að sameiginlegri stefnumótun leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva í hverfum borgarinnar og auka þverfaglegt samstarf.*
 - *Aukið samstarf í skipulagi skóla- og frístundastarfs opnar enn fremur möguleika á þróun sveigjanlegs skóladags sem tekur mið af þörfum barna til hreyfingar og náms og vali í bland.*
 - *Það er vel þekkt að ungmenni leiti til starfsmanna félagsmiðstöðva með ýmis vandamál sem tengjast daglegu lífi, s.s. samskiptavanda, vanlíðun eða námsörðugleikum. Gott samstarf skóla og félagsmiðstöðva getur því tryggt upplýsingaflæði og samstöðu um jákvæða úrlausn mála.*
 - *Rannsókn á þróun frístundaheimila í Reykjavík hefur sýnt að það er nauðsynlegt að finna leiðir til að efla enn frekar samstarf á milli skóla og frístundaheimila.*
 - *Samstarf þeirra sem koma að menntun, umönnun og uppeldi barna og ungmenna skuli markvisst aukið.*
- **Samþykkt fyrir skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar**
 - Eitt af verkefnum skóla- og frístundaráðs:
 - *Stuðlar að tengslum og samstarfi skóla, s.s. leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla og tónlistarskóla svo og samstarfi leikskóla, grunnskóla, frístundamiðstöðva, félagsmiðstöðva, frístundaheimila og tónlistarskóla.*
- **Frá því að skóla- og frístundasvið var stofnað árið 2011 hafa verið unnir ýmsir verkferlar sem öllum starfsstöðum ber að fara eftir í samvinnu. Má þar nefna:**
 - [Gátlista vegna eineltis](#)
 - [Móttökuáætlun vegna barna með íslensku sem annað tungumál.](#)
 - [Viðbrögð við meintri óviðeigandi framkomu starfsmanns gagnvart barni, nemanda eða ungmenni í leikskóla, grunnskóla eða frístundastarfi.](#)
 - [Röskun á skóla- og frístundastarfi – Tilmæli um viðbrögð foreldra/forráðamanna barna í skólum og frístundastarfi](#)
- **Aðalnámskrá grunnskóla**
 - Tengsl skóla og nærsamfélags:
 - *Þetta er mikilvægt til að auka fjölbreytni í námi, t.d. í valgreinum á unglíngastigi og til þess að tengja nám nemenda veruleikanum í nærumhverfi þeirra svo það verði merkingarbærara. Þessi tenging snýr t.d. að umhverfi, menningu, listum, íþróttum, félags- og tómstundastarfi og atvinnulífi.*
 - *Það er því mikilvægt að virk og góð tengsl séu milli samfélagsins og skólans þar sem gagnkvæm virðing ríkir gagnvart þörfum og skyldum allra aðila. Í skólanámskrá skal gera grein fyrir því hvernig tengslum skólans við nærsamfélagið er háttað.*
- **Viðmið og vísbendingar um gæði í skólastarfi fyrir ytra mat á grunnskólum (2019)**
 - *Markviss samskipti eru við önnur skólastig, frístundastarf og grenndarsamfélag.*
 - *Reglulega eru haldnir fundir með forstöðumönnum frístundastarfs.*
 - *Samráð er um nýtingu frístundaheimilis og/eða félagsmiðstöðvar á húsnæði grunnskólans, þegar við á.*

- **Viðmið og vísbendingar fyrir innra og ytra mat á gæðum frístundastarfs (2015)**
 - Forstöðumaður ber ábyrgð á að stefna, gildi, vætningar og starfshættir séu kynnt fyrir nýju starfsfólki, börnum/unglingum, foreldrum og samstarfsaðilum.
 - Forstöðumaður leitar eftir samstarfi við hagsmunaaðila og virkt samstarf er milli frístundaheimila og félagsmiðstöðva við skóla, stofnanir, félög og aðra aðila í grenndarsamfélaginu.
 - Starfsfólk er í góðu samstarfi við aðra sem vinna með börnum s.s. foreldra, grunnskóla félagsmiðstöðvar, frístundaheimili, leikskóla, þjónustumiðstöð, íþrótt- og æskulýðsfélög, skólahljómsveitir og lögreglu.
 - Starfið er vel skipulagt, opnunartími, starfsemi og dagskrá er sýnileg og kynnt börnum, unglungum, foreldrum, starfsfólki og samstarfsaðilum í hverfinu.
 - Unnið er eftir gátlista um samstarf frístundaheimila og leikskóla um móttöku og aðlögun tvítyngdra barna á frístundaheimili.
- **Menntastefna Reykjavíkurborgar til 2030**
 - *Fagmennska og samstarf í öndvegi er annað tveggja leiðarljósa menntastefnunnar. Fjölbreyttu og þverfaglegu samstarfi innan starfsstaða, milli starfsstaða og við stofnanir og aðila í samfélaginu er ætlað að stuðla að þróun menntunar.*
- **Reglur um þjónustu frístundaheimila Reykjavíkurborgar:**

- *11. Samstarf*

Skólastjóra og framkvæmdastjóra frístundamiðstöðvar ber að tryggja samstarf og samráð frístundaheimilis og viðkomandi grunnskóla. Skólastjórnendur kynna að vori skóladagatal næsta skólaárs fyrir forstöðumanni frístundaheimilis og forstöðumaður kynnir starfsemi frístundaheimilisins fyrir stjórnendum skólans.

Gagnkvæmt upplýsingarstreymi skal vera á milli grunnskóla og frístundaheimilis og reglulegir fundir. Skóli veitir forstöðumanni frístundaheimilis frístundaaðgang í Mentor. Sá aðgangur er notaður til að koma upplýsingum um starfsemi frístundaheimilis og annað frístundastarf til foreldra.

Forstöðumaður frístundaheimilis er boðaður ef þörf krefur á fundi nemendaverndarráðs þegar það fjallar um úrræði fyrir einstaka nemendur eða nemendahópa, sbr. 20. gr. reglugerðar 584/2010 um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum. Sama gildir fyrir teymisfundum vegna 6-9 ára barna sem eiga rétt á þjónustu viðkomandi frístundaheimilis.

Forstöðumaður frístundaheimilis situr fundi leikskóla með grunnskóla vegna miðlunar nauðsynlegra persónuupplýsinga vegna skólagöngu barna með samþykki foreldra. Samstarf er við leikskólastjóra um að fá samþykki foreldra fyrir því að forstöðumaður sitji skilafund vegna barna sem gætu þurft á stuðningi að halda á frístundaheimili. Þetta er gert til að tryggja samfellu í þjónustu við barnið og fjölskyldu þess.

Frístundaheimili skulu leita eftir samstarfi við aðra aðila sem veita börnum tómstundaþjónustu í sama hverfi með það að markmiði að börnin geti notið hennar á dvalartíma frístundaheimila.

- **Reglur um þjónustu félagsmiðstöðva Reykjavíkurborgar:**

- *11. Samstarf*

Skólastjóra og framkvæmdastjóra frístundamiðstöðvar ber að tryggja samstarf og samráð félagsmiðstöðvar og grunnskóla í þjónustuverfi hennar. Skólastjórnendur kynna að vori skóladagatal næsta skólaárs fyrir forstöðumanni félagsmiðstöðvar og forstöðumaður kynnir starfsemi félagsmiðstöðvarinnar fyrir stjórnendum skólans.

Gagnkvæmt upplýsingastreymi skal vera á milli grunnskóla og félagsmiðstöðvar og reglulegir fundir og vel skilgreint samstarf vegna vinnu með nemendafélögum og unglingaráði. Skóli veitir forstöðumanni félagsmiðstöðvar frístundaaðgang að Mentor. Sá aðgangur er notaður til að koma upplýsingum um félagsmiðstöðvastarfið og annað frístundastarf til foreldra.

Forstöðumaður félagsmiðstöðvar er boðaður ef þörf krefur á fundi nemendaverndarráðs þegar það fjallar um úrræði fyrir einstaka nemendur eða nemendahópa, sbr. 20. grein í reglugerðar 584/2010 um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarrád í grunnskólum. Sama gildir fyrir teymisfundi vegna 10-16 ára barna sem eiga rétt á þjónustu viðkomandi félagsmiðstöðvar.

Félagsmiðstöð og skóli geta samið sérstaklega um viðveru starfsfólks félagsmiðstöðva á hefðbundnum skólatíma. Hvort um slíka viðveru er að ræða, hversu mikil hún er og með hvaða hætti fer eftir aðstæðum í hverri félagsmiðstöð og hverjum skóla fyrir sig. Skóli og félagsmiðstöð skulu gera með sér samstarfssamning til tveggja ára í senn þar sem samstarfið er skilgreint.

Félagsmiðstöðvar, í samstarfi við viðkomandi frístundamiðstöð, leita eftir samstarfi við þá aðila sem sinna frístundum barna í hverfinu með það að markmiði að árekstrar í starfseminni séu sem minnstir og börn geti sinnt fjölbreyttum viðfangsefnum í frítímanum. Í félagsmiðstöðvastarfi er leitað eftir góðu samstarfi við það frístundaheimili sem áður veitti barninu þjónustu svo tryggja megi samfellu í þjónustu við það og fjölskyldu þess.

- **Fjölgun fagmenntaðra starfsmanna á frístundaheimilum**

Borgarráð samþykkti á fundi sínum 17. maí 2018 að ráða fagmenntaða starfsmenn í fullt starf á frístundaheimili SFS sem hefðu vinnuskyldu að hluta með börnum í 1. – 4. bekk á skólatíma. Markiðið var að bæta þjónustu við börn og foreldra þeirra með því að fjölga fagmenntuðum starfsmönnum í 100% starfi á frístundaheimilum, bæta við stjórnunarhlutfall frístundaheimilanna og auka samstarf við grunnskólana. Tómsтуда- og félagsmálafræðingur í 100% starfi í frístundaheimili með starfsheitið frístundafræðingur og næsti yfirmaður hans er forstöðumaður frístundaheimilis. Hann vinnur á skólatíma með börn í 1.-4. bekk og á starfstíma frístundaheimilisins í samvinnu við foreldra, starfsfólk grunnskóla, skólalþjónustu, annað starfsfólk frístundaheimila og börnin sjálf við að greina styrkleika barnanna, efla félaglega virkni þeirra og þátttöku í frístundastarfi. Meðal verkefna frístundafræðinga eru hópastarf sem miðar að bættri félagsfærni og sjálfsmynd barna, vinna með börn sem þurfa sérstaka hvatningu og stuðning til virkrar þátttöku í félagslífi, vinna gegn félagslegri einangrun og neikvæðri hegðun, aðstoða ný börn við að aðlagast skólastarfinu, hvort sem þau koma úr öðrum skólum eða nýkomin til landsins, forvarnarfræðsla, lýðræðisþjálfun, leikir o.fl.

Veturinn 2018 – 2019 voru 8 – 12 starfsmenn sem gegndu þessum störfum, ýmist sem aðstoðarforstöðumenn eða frístundafræðingar og er reynslan af störfum þeirra dýrmæt og lærdómsrík. Einn frístundafræðingur kynnti starf sitt og helstu verkefni á málþinginu sem starfshópurinn stóð fyrir 14. mars 2019. Stefnt er að því að frístundafræðingar verði starfandi við öll frístundaheimili í Reykjavík.

2. Lykilþættir góðrar samvinnu

Samstarf grunnskóla, frístundaheimila og félagsmiðstöðva er einn af lykilþáttum í því að árangur náist í að veita börnum og unglingum í borginni heildstæða þjónustu eins og lagt er upp með í stefnu skóla- og frístundasviðs.

Starfshópurinn tók saman dæmi um styrkleika og áskoranir í samstarfi og í ljós kom að samstarf er mismunandi eftir skólahverfum og borgarhlutum.

Þær áskoranir sem starfshópurinn hefur orðið var við í samstarfi grunnskóla, frístundaheimila og félagsmiðstöðva snúa að samnýtingu á húsnæði, ólíkum starfsaðstæðum, ónægum tíma fyrir samstarf, skorti á trausti í samskiptum/samstarfi og óöryggi í meðferð viðkvæmra upplýsinga í samstarfi um einstaklinga og hópa. Áskorun stjórnenda í hverju og einu skólahverfi felst í því að vera samtaka í því að búa til uppbyggjandi samfélag fyrir börnin og unglingana.

Hér á eftir má sjá samantekt á farsælu samstarfi grunnskóla- og frístundastarfs.

- ✓ Sameiginlega fræðsla fyrir faghópa
- ✓ Samstarf frístundaráðgjafa og kennara á skólatíma vegna félagsfærni barna
- ✓ Samræmdar reglur og leiðarljós
- ✓ Sameiginleg móttökuáætlun vegna barna með annað móðurmál
- ✓ Samstarf um þróunarverkefni t.d. vegna innleiðingu Barnasáttmála SP, lýðheilsu, umhverfismála og eflingu málþroska og læsis.
- ✓ Teymisvinna um börn með sérþarfir
- ✓ Samvinna og traust um nýtingu húsnæðis
- ✓ Samvinna um úrvinnslu eineltismála/samskiptavanda í skóla og frístundastarfi
- ✓ Sameiginlegir viðburðir/verkefni grunnskóla og frístundaheimila/félagsmiðstöðva
- ✓ Mannauður og aðstaða frístundastarfs nýtist inn í skólastarf, t.d. með hópefli, valáföngum, samstarf um kynfræðsluverkefni og fl.
- ✓ Mannauður og aðstaða í grunnskólum nýtist inn í frístundastarf, t.d. í tengslum við list- og verkgreinar.

Gagnkvæm virðing og traust milli aðila eru grundvallarþættir í farsælu samstarfi. Ef samstarfið er ekki gott getur það haft veruleg áhrif á starfsemina og leitt til aukins álags á stjórnendum og starfsfólk viðkomandi staða. Gott samstarf skilar hins vegar ávinningi á báða bóga og felst því veruleg áskorun í því að byggja upp faglegt og traust samstarf í grunnskóla og frístundastarfi.

3. Könnun um samstarf grunnskóla og frístundaheimila/félagsmiðstöðva


Starfshópurinn ákvað að setja af stað könnun til skólastjóra og forstöðumanna frístundaheimila og félagsmiðstöðva og fékk að setja inn aukaspurningar í haustspurningavagna til stjórnenda grunnskóla, frístundaheimila og félagsmiðstöðva. Svörun stóð yfir frá 10. desember 2018 til 1.

febrúar 2019. Svörun var mjög góð og svöruðu könnuninni um 85% þeirra sem fengu könnunina senda og niðurstöður almennt jákvæðar.

3.1 Samstarf


Forstöðumenn frístundaheimila og skólastjórar grunnskólanna voru spurðir hversu vel eða illa þeim fyndist samstarf við viðkomandi grunnskóla eða frístundaheimili ganga. Svörin voru almennt jákvæð en skólastjórum virðist finnast samstarf við frístundaheimilin ganga betur en forstöðumönnum frístundaheimilanna samstarfið við grunnskólana. Engum finnst samstarfið ganga frekar eða mjög illa.

Mynd 1: Forstöðumenn frístundaheimila: Hve vel eða illa finnst þér samstarfið ganga við grunnskólann/ana sem þitt frístundaheimili starfar við? Skólastjórar: Hve vel eða illa gengur samstarfið við frístundaheimilið, sem starfar við grunnskólann?



Skólastjórar og forstöðumenn félagsmiðstöðva fengu sams konar spurningu um samstarf grunnskóla og félagsmiðstöðva. Þar eru svörin frekar jákvæð en 76% skólastjóra segja að samstarfið gangi frekar eða mjög vel og 86% forstöðumanna félagsmiðstöðva segja samstarfið ganga frekar eða mjög vel en svörin voru samt ekki alveg eins jákvæð og varðandi samstarf grunnskóla og frístundaheimila.


Mynd 2: Hve vel eða illa finnst þér samstarfið ganga við grunnskólann/ana sem þín félagsmiðstöð starfar við/félagsmiðstöðina sem starfar við grunnskólann?



3.2 Samnýting á húsnæði


Forstöðumenn frístundaheimila og skólastjórar voru spurðir hversu vel eða illa gengi að samnýta húsnæði grunnskólans með frístundaheimilinu. Þegar kemur að samnýtingu húsnæðis voru svörin ekki eins jákvæð og varðandi samstarfið. 53% forstöðumanna frístundaheimila finnst ganga frekar eða mjög vel að samnýta húsnæði grunnskólans með frístundaheimilinu en skólastjórar eru heldur jákvæðari, 62% þeirra segja samnýtinguna ganga frekar eða mjög vel.

Mynd 3: Hve vel eða illa gengur að samnýta húsnæði grunnskólans með frístundaheimilinu?



Skólastjórar grunnskóla og forstöðumenn félagsmiðstöðva fengu sams konar spurningu varðandi samnýtingu á húsnæði grunnskólans. Það er greinilegur munur á viðhorfum skólastjóra og forstöðumanna félagsmiðstöðva til samnýtingar húsnæðis grunnskólans með félagsmiðstöðinni. 63% skólastjóra segja samnýtinguna ganga frekar eða mjög vel en aðeins tæplega helmingur forstöðumanna félagsmiðstöðvanna. Þó er nokkuð stór hluti sem segir þetta ekki eiga við um sinn starfsstað.


Mynd 4: Hve vel eða illa gengur að samnýta húsnæði grunnskólans með félagsmiðstöðinni?




3.3 Virðing

Stjórnendur voru einnig spurðir um gagnkvæma virðingu fyrir starfi starfsfólks í grunnskólum og frístundaheimilum annars vegar og félagsmiðstöðvum hins vegar. Forstöðumenn frístundaheimila og skólastjórar eru mjög sammála um að starfsfólk frístundaheimila beri virðingu fyrir starfi starfsfólks grunnskólans og enginn virtist frekar eða mjög ósammála þessari fullyrðingu. Sama má segja um virðingu starfsfólks félagsmiðstöðva fyrir starfi starfsfólks grunnskólanna.

Mynd 5: Hve sammála eða ósammála ertu því að starfsfólk frístundaheimilisins beri virðingu fyrir starfi starfsfólks grunnskólans?




Mynd 6: Hve sammála eða ósammála ertu því að starfsfólk félagsmiðstöðvarinnar beri virðingu fyrir starfi starfsfólks grunnskólans?




En myndin breytist þegar spurt er um virðingu starfsfólks grunnskóla fyrir starfi starfsfólks frístundaheimila og félagsmiðstöðva. Grunnskólastjórar telja að starfsfólk grunnskóla beri virðingu fyrir starfi starfsfólks frístundaheimila og félagsmiðstöðva en forstöðumenn frístundaheimila og félagsmiðstöðva eru ekki alveg á sama máli. Meiri virðing virðist vera þó borin í grunnskólum fyrir starfi starfsfólks félagsmiðstöðva en frístundaheimila.

Mynd 7: Hve sammála eða ósammála ertu því að starfsfólk grunnskólans beri virðingu fyrir starfi starfsfólks frístundaheimilisins?



Mynd 8: Hve sammála eða ósammála ertu því að starfsfólk grunnskólans beri virðingu fyrir starfi starfsfólks félagsmiðstöðvar?



Starfshópurinn telur mikilvægt að brugðist verði við þessum ólíku niðurstöðum um virðingu og setur fram tillögur þess efnis. Mikilvægt er að þessar niðurstöður séu vel kynntar og að unnið verði með þær á uppbyggilegan hátt.

3.4 Opin svör

Forstöðumenn frístundaheimila og skólastjórar grunnskóla voru beðnir um að nefna dæmi um gott samstarf frístundaheimilis og grunnskólans. Athygli vakti hvað svör þessara hópa voru um margt áþekkt. Margir nefndu þætti eins og dagleg samskipti og reglulega teymisfundi sem auðveldi boðleiðir, samnýtingu á húsnæði, t.d. eldhúsi og íþróttasal, samstarf um skerta daga í grunnskólunum, sveigjanleika í samskiptum og samstarfi, sameiginlegar kynningar og gott upplýsingaflæði vegna nemenda í 1. bekk og vegna nemenda með sérþarfir. Einnig var nefnt að þátttaka forstöðumanna frístundaheimila í nemendaverndarráðum og sameiginleg verkefni væru dæmi um jákvætt samstarf. Þegar spurt var um það sem betur mætti fara í samstarfi frístundaheimilis og grunnskóla nefndu forstöðumenn frístundaheimila m.a. markvissari samstarfsfundi og virkara upplýsingaflæði, samnýtingu rýmis og að meiri virðing væri borin fyrir frístundastarfinu meðal starfsfólks grunnskólans. Skólastjórar nefndu einnig að upplýsingaflæði mætti vera meira, ólíkar kröfur um umgengni í samnýttu húsnæði, meira samtal og samráðstíma.

Forstöðumenn félagsmiðstöðva og skólastjórar grunnskólanna voru einnig beðnir að nefna dæmi um gott samstarf grunnskóla og félagsmiðstöðvar. Aðilar úr báðum hópum nefndu atriði s.s. gott samstarf um húsnæði, að starfsfólk félagsmiðstöðvar væri sýnilegt í skólustarfinu, reglulega samstarfsfundi, dæmi um að starfsfólk félagsmiðstöðva hefði umsjón með valgreinum á unglíngastigi, sameiginleg verkefni og sameiginlega viðburði. Skólastjórar nefndu sérstaklega aukið frístundastarf fyrir 10 – 12 ára nemendur og móttöku nemenda af erlendum uppruna og forstöðumenn félagsmiðstöðva gott samstarf við ýmsa starfsmenn og stjórnendur grunnskóla.

Þegar sömu hópar voru beðnir að nefna dæmi um það sem betur mætti fara í samstarfinu komu ábendingar frá báðum hópum um aukið samstarf, meira upplýsingaflæði og formfastara samstarf. Forstöðumenn félagsmiðstöðva nefndu sérstaklega að aðgangur að aðstöðu í grunnskólanum mætti vera meiri og að starfi félagsmiðstöðva sé sýndur meiri skilningur og virðing en skólastjórar óskuðu m.a. eftir fleiri tilboðum fyrir miðstig og meiri opnun fyrir unglíngastig.

Yfirlit yfir opin svör er að finna í fylgiskjali 1.

4. Niðurstöður málþings

Starfshópurinn hélt málþingið *Gott samstarf – betra fyrir börnin* í Gerðubergi 14. mars 2019. Málþinginu var ætlað að efla gagnkvæman skilning á möguleikum og tækifærum í öflugra samstarfi grunnskóla og frístundamiðstöðva. Soffía Pálsdóttir, skrifstofustjóri frístundamála hjá SFS setti málþingið og sagði frá tildrögum þess. Þá flutti Kolbrún Pálsdóttir, forsendi Menntavísindasviðs Háskóla Íslands erindi sem hún kallaði Sókn á sviði menntunar. Í kjölfar þess sögðu formenn starfshópsins frá niðurstöðum könnunar hópsins sem gerð var meðal stjórnenda um samstarf grunnskóla, frístundaheimila og félagsmiðstöðva. Eftir kaffi var svo sagt frá góðu samstarfi Foldaskóla og frístundaheimilisins Regnbogalands, starfi frístundaráðgjafa í Eldflauginni við Hlíðaskóla og góðu samstarfi Hagaskóla og félagsmiðstöðvarinnar Frosta. Guðrún Sigtryggisdóttir, lögfræðingur á skóla- og frístundasviði, flutti að lokum erindi um vinnslu og meðferð persónuupplýsinga í samstarfi. Glærur frá málþinginu voru settar inn á Workplace: <https://reykjavik.workplace.com/groups/439752173233338/>

Málþingið endaði á að farið var í hópavinnu þar sem skipt var í hópa eftir hverfum. Hóparnir fengu spurninguna: „Hvaða möguleika og tækifæri sjáið þið til að efla og bæta samstarf frístundamiðstöðva (frístundaheimila og félagsmiðstöðva) og grunnskóla í ykkar hverfi?“

Mismikil þátttaka var eftir hverfum og var áberandi hversu frístundastarfsfólk var í miklum meirihluta. Það hefur áhrif á þær tillögur og hugmyndir sem fram koma.

Hér kemur samantekt á þeim tillögum sem hóparnir skráðu:

- Samstarf – verklag
 - Óskað eftir því að SFS geri verklag þar sem greint er frá því samstarfi sem til er ætlast milli þessara stofnana
 - Mætast þarf á miðri leið, allir eru fagfólk á sama sviði
 - Vinna að því að auka virðingu og jákvætt viðhorf gagnvart frístundastarfi
 - Skólarnir þurfa að setja samstarf í forgang
 - Mikilvægt að formfesta samstarfsfundi og halda þá reglulega
 - Muna eftir að boða fulltrúa frístundastarfs á teymisfundi og aðra þá fundi sem varða málefni barnanna
 - Gefa sér tíma fyrir óformlegt spjall
 - Gera skriflega samstarfssamninga í upphafi starfsárs þar sem tekið er fram hvað felst í samstarfinu, t.d. sameiginleg markmið um starfið
 - Frístundaráðgjafar í öll frístundaheimili (skóla) sem og áhugi á að þeir séu einnig í félagsmiðstöðvum til þess að auka gildi frístundastarfs í gegnum dag barnsins
 - Sérgreinakennarar komi í frístundastarfið og starfsfólk frístundaheimila/félagsmiðstöðva í grunnskólana
 - Aukið val fyrir börn með aðkomu starfsfólks frá báðum stofnunum, t.d. sérgreinakennarar og starfsfólk frístundar
 - Starfsfólk félagsmiðstöðva sjái um valáfanga um starf félagsmiðstöðva
 - Sameiginlegir starfsdagar, náms- og kynnisferðir skóla og frístundastarfs
 - Samstarf um ákveðin verkefni, t.d. þemadagar
 - Stjórnendur skóla og frístundamiðstöðvar hittist reglubundið til þess að ræða sameiginleg málefni og stilla saman strengi um það sem framundan er (tækifæri til samstarfs, skipulag, verkaskipting)
- Upplýsingamiðlun
 - Auka og formfesta upplýsingaflæði milli frístundar og grunnskóla

- Búa til póstgrúppur fyrir þá aðila skóla og frístundar sem eru í föstu samstarfi og bera ábyrgð á því og miðlun upplýsinga þar á milli
- Frístundaheimili/félagsmiðstöðvar fái reglubundið tækifæri til að kynna starfsemi sína fyrir starfsfólki skólans
- Aðstaða – húsnæði – búnaður
 - Minna þarf skólana á stefnu Reykjavíkurborgar um samnýtingu húsnæðis
 - Endurskoða einkarétt skólanna á svæðum og búnaði – athuga rýmissamninga
 - Upplýsa þarf um hvernig frágangur á að vera á hverju svæði
 - Aðstöðu vantar fyrir félagsmiðstöðvar í/við skóla í Grafarholti

5. Niðurstöður og tillögur

Tillögur að aðgerðum

Þær tillögur sem settar eru fram fremst í skýrslunni byggja á þeim upplýsingum og niðurstöðum sem fram hafa komið hér að ofan og hópurinn vann á sínum starfstíma. Í gegnum þá vinnu kom ítrekað fram að bæta þarf upplýsingamál, húsnæðismál, virðingu og að verklag í samstarfi sé formgert milli skóla og frístundamiðstöðva.

1. Meðferð upplýsinga sem snúa að velferð barna

Skrifstofa skóla- og frístundasviðs kanni með hvaða hætti megi gera breytingar á verkferlum, lögum og reglugerðum þannig að starfsfólk frístundaheimila og félagsmiðstöðva fái nauðsynlegar upplýsingar um einstaklinga og hópa til að geta komið sem best til móts við þarfir barna og unglunga. Í umræðum hópsins, í könnuninni sem gerð var og á málþinginu sem haldið var kom skýrt fram að miðlun upplýsinga um einstaklinga og hópa er einn af þeim meginþáttum sem samstarf milli aðila í skóla- og frístundastarfi steytir á. Með nýjum persónuverndarlögum hefur einnig skapast óöryggi hjá sumum starfsmönnum í skóla- og frístundastarfi um hvers konar upplýsingum má og má ekki miðla á milli aðila. Því taldi starfshópurinn nauðsynlegt að skýra með hvaða hætti væri hægt að gera þessa upplýsingamiðlun auðveldari í framkvæmd.

2. Húsnæði

Skýra upp verklag í kringum nýtingu frístundaheimila og félagsmiðstöðva á húsnæði grunnskóla og nýtingu grunnskóla á húsnæði frístundaheimila og félagsmiðstöðva í samstarfi við umhverfis- og skipulagssvið og tryggja að alls staðar sé unnið samkvæmt því. Í því tilliti þarf m.a. að uppfæra form fyrir húsnæðissamninga eða jafnvel leigusamninga milli grunnskóla og frístundamiðstöðva, sbr. 10. gr. í reglum um þjónustu frístundaheimila og félagsmiðstöðva. Samnýting húsnæðis er annar af þeim þáttum sem samstarf milli aðila í skóla- og frístundastarfi getur steytt á. Í könnuninni sem hópurinn lét gera komu fram ólík viðhorf skólastjóra grunnskólanna og forstöðumanna á frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum um hversu vel gengi að samnýta húsnæði í skóla- og frístundastarfinu. Bent var á að þar sem samstarfið gengur best eru gerðir formlegir samningar um samnýtingu húsnæðis sem báðir aðilar virða og vinna eftir.

3. Auka gagnkvæma virðingu

- a. Leitað verði allra leiða til að auka þekkingu á starfi hvers annars, auka samstarf, vinna að sameiginlegum verkefnum, fá sameiginlega fræðslu og um leið auka gagnkvæma virðingu. Þau tækifæri sem gefast við innleiðingu nýrrar menntastefnu verði nýtt í þessum tilgangi. Könnunin sem starfshópurinn lét gera meðal skólastjóra grunnskólanna og forstöðumanna frístundaheimila og félagsmiðstöðva leiddi berlega í ljós að viðhorf þessara hópa til gagnkvæmrar virðingar eru mjög skipt. Meiri virðing virðist borin fyrir starfi og starfsfólki grunnskólanna en starfi og starfsfólki frístundaheimila og félagsmiðstöðva en skólastjórar grunnskólann telja þó að meiri virðing sé borin fyrir starfi og starfsfólki í frístundastarfinu en forstöðumennirnir upplifa. Því er lagt til að þau tækifæri sem bjóðast í tengslum við innleiðingu á nýrri menntastefnu verði nýtt til hins ítrasta til að efla og auka þekkingu starfsfólks í skóla- og frístundastarfi á störfum hvers annars, að fjölga sameiginlegum verkefnum og möguleikum til sameiginlegrar fræðslu. Þannig megi stuðla að því að þessir hópar kynnist betur innbyrðis, kynnist betur störfum hvers annars og læri að bera meiri virðingu fyrir störfum hvers annars.
- b. Í öllum grunnskólum verði sameiginlegar kynningar á grunnskóla- og frístundastarfi fyrir foreldra. Í opnum svörum í könnuninni sem starfshópurinn lét gera meðal stjórnenda í skóla- og frístundastarfi borgarinnar kom m.a. fram að þar sem samstarfið gengur hvað best og viðhorf eru jákvæð er m.a. boðið til sameiginlegrar kynningar á grunnskóla- og frístundastarfi fyrir foreldra. Því taldi hópurinn mikilvægt að koma þessum þætti að í tillögum sínum.

4. Samstarfssamningur

Grunnskólar, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar sem starfa í sama skólahverfi vinni verklag um samstarf sín á milli og áætlun fyrir hvert skólaár. Þar komi til dæmis fram hvernig reglubundnum samstarfs- og upplýsingafundum er háttað, yfirlit yfir sameiginlega viðburði, sameiginlega starfsdaga/fræðslu, samstarf um óhefðbundna daga, meðferð og miðlun upplýsinga og samnýtingu á húsnaði. Skrifstofa skóla- og frístundasviðs útbúi form fyrir slíkan samstarfssamning fyrir skólaárið 2020-2021. Niðurstöður könnunarinnar sem gerð var og málþingsins sem haldið var bentu til þess að báðir aðilar kölluðu eftir að samstarfið í skóla- og frístundastarfinu væri formgert með ýmsum hætti. Þannig mætti skýra betur hvaða væntingar væru gerðar til hvers aðila um sig í samstarfinu. Því leggur hópurinn til að grunnskólar, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar sem starfa í sama skólahverfi vinni sameiginlegt verklag um samstarfið sín á milli og samstarfsáætlun fyrir hvert skólaár þar sem fram komi fastir samstarfs- og upplýsingafundir, sameiginlegir viðburðir, sameiginlegir starfsdagar o.fl. Hópurinn leggur því til að skrifstofa skóla og frístundasviðs útbúi form fyrir slíkan samstarfssamning fyrir skólaárið 2020 – 2021 sem starfsstaðir geti stuðst við í þessari vinnu.

5. Kynning fyrir stjórnendum

Kynning á tillögum hópsins fari fram á stjórnendafundum í borgarhlutunum fimm á vorönn 2020. Þar verði einnig farið yfir það hvers konar samstarf á að vera á milli grunnskóla, frístundaheimila og félagsmiðstöðva í Reykjavík samkvæmt stefnum, áætlunum og verkferlum skóla- og frístundasviðs, lögum og reglugerðum. Hópurinn var sammála um að mikilvægt væri að tillögur hópsins væru kynntar vel

fyrir stjórnendum í skóla- og frístundastarfi borgarinnar í byrjun skólaárs 2019 – 2020. Mikilvægt sé að vekja athygli á þeim stefnum, áætlunum og verkferlum sem samþykkt hafa verið þar sem lagt er til og lýst hvernig samstarfi í skóla- og frístundastarfinu eigi að vera háttað. Einnig skiptir máli að hvetja starfsfólk SFS til að nota það tækifæri sem ný menntastefna og styrkir til samstarfsverkefna nýtast til að efla og auka samstarf ólíkra aðila í skóla- og frístundastarfinu.

6. Innleiðingaráætlun

Haust 2019:

- Skrifstofa skóla- og frístundasviðs óski eftir því við Mennta- og menningarmála-ráðuneytið að skoðað verði með hvaða hætti megi gera breytingar á lögum og reglugerðum þannig að starfsfólk frístundaheimila og félagsmiðstöðva fái nauðsynlegar upplýsingar um einstaklinga og hópa til að geta komið sem best til móts við þarfir barna og unglinga.

Vor 2020

- Kynning á tillögum starfshópsins fyrir stjórnendum í skóla- og frístundastarfi.
- Skrifstofa SFS geri sýnishorn af samstarfssamningi til að nota í samstarfi grunnskóla og frístundaheimila annars vegar og félagsmiðstöðva hins vegar.

Haust 2020

- Sameiginlegar kynningar á grunnskóla- og frístundastarfi.
- Allir grunnskólar, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar í sama skólahverfi geri samstarfssamning um samnýtingu húsnæðis.

Vor 2021

- Mælingar gerðar á hvort aðgerðir hafi skilað árangri í markvissara samstarfi grunnskóla og frístundamiðstöðva.

7. Mælikvarðar á aukið samstarf

Könnun sambærileg þeirri sem hópurinn lét gera verði lögð fyrir á haustönn 2021.

Mælikvarðar á aukið samstarf:

- 95% forstöðumanna frístundaheimila telji að samstarf við grunnskólana gangi frekar eða mjög vel (er 84%).
- 95% forstöðumanna félagsmiðstöðva telji að samstarf við grunnskólana gangi frekar eða mjög vel (er 86%).
- 85% skólastjóra telji að samstarf við félagsmiðstöðvar gangi frekar eða mjög vel (er 76%).

Mælikvarðar – húsnæði:

- 75% forstöðumanna frístundaheimila telja að samnýting húsnæðis grunnskólans með frístundaheimili gangi frekar eða mjög vel (er 53%).
- 80% skólastjóra telja að samnýting húsnæðis grunnskólans með frístundaheimili gangi frekar eða mjög vel (er 62%).
- 75% forstöðumanna félagsmiðstöðva telji að samnýting húsnæði grunnskólans með félagsmiðstöðinni gangi frekar eða mjög vel (er 47%)
- 80% skólastjóra telji að samnýting húsnæðis grunnskólans með félagsmiðstöð gangi frekar eða mjög vel (er 63%).

Mælikvarðar – virðing:

- 75% forstöðumanna frístundaheimila séu frekar eða mjög sammála því að starfsfólk grunnskóla beri virðingu fyrir starfi og starfsfólki frístundaheimila (er 35%).
- 75% forstöðumanna félagsmiðstöðva séu frekar eða mjög sammála því að starfsfólk grunnskóla beri virðingu fyrir starfi og starfsfólki félagsmiðstöðva (er 52%)

8. Kostnaðarmat tillagna

Hópurinn telur tillögurnar sem hann setur fram ekki fela í sér kostnað.

Fylgiskjal I: Opin svör úr könnun

SVÖR GRUNNSKÓLASTJÓRA

Getur þú nefnt dæmi um gott samstarf grunnskólans við frístundaheimilið?	
	Almennt mjög gott samstarf.
	Á ekki við á mínum vinnustað
	Dagleg samskipti forstöðumanna frístundar við starfsfólk, auðveldar boðleiðir. Í samnýttu húsnæði sýnir starfsfólk frístundarinnar mikinn sveigjanleika.
	Erasmus verkefni leik- grunn og frístundaheimila um skil skólastiga.
	Erum að vinna saman að því að verða Réttindaskóli og Réttindafrístund.
	Frístundaheimilið hefur aðgang að íþróttahúsi og lausum stofum við grunnskólann. Sameiginlegar kynningar eru fyrir 1. bekkjar foreldra. Það er ríkir gott upplýsingaflæði og traust á milli.
	grunnskólinn og frístundin eru hér eitt
	Hér er samrekstur sem gengur mjög vel og erfitt að skilja á milli hvað er skóli og hvað er frístund.
	Nýting húsnæðis, samstarf v. gæslu á skertum skóladögum, Samnýting starfsmanna þegar á reynir
	Reglulegir samráðsfundir um samstarf og skipulag.
	Réttindaskólaverkefnið og Verum vinir
	Sameiginlegt vinaverkefni fyrir nemendur í 4. bekk sem unnið er á skólatíma og í frístund. Samstarf starfsfólks skóla og frístundarstarf
	Samnýting á svæðum skólans.
	Upplýsingaflæði um nemendur með mikinn hegðunarvanda.
	Samnýting húsnæðis á yngsta stigi, verkferlar í samskiptum og teymisvinnu.
	Samstarf um Grænfánann og heilsueflandi grunnskóla.
	Samstarf um nemendur með sérþarfir, samnýting húsnæðis, sveigjanleiki þegar á þarf að halda t.d. á skertum dögum í skólanum.
	Samstarf varðandi kynningu á skólanum. Samstarf um ákveðna nemendur milli skóla og frístundar.
	Síðdegishressing. Skertir dagar.
	Teymisfundir um nemendur í vanda.
	Teymisfundir v. nemenda. Nýting húsnæðis, aðstoð skóla v. agamála í frístund.
	Upplýsingaflæðið hefur batnað mjög eftir að við boðuðum forstöðumenn á nemendaverndarráðsfundi. Við gátum aukið rými annarar Frístundarinnar sem var afar jákvætt.
	Varðandi móttöku nemenda af erlendum uppruna.
	Verkefnið dagur barnsins hefur verið og er í gagi í skólanum.
	Við erum einn skóli, frístundastarf er inni á stundatöflum nemenda, frístundastarf hefur séraðstöðu en notar allt skólahúsnæði eftir hentugleiku
	Við hittumst reglulega og frístund hefur sýnt áhuga á samstarfi í vinarfærninámskeiðin
	Vikulegir fundir með forstöðumanni frístundaheimilis þar sem farið er yfir stöðuna.

Getur þú nefnt dæmi um eitthvað sem mætti betur fara í samstarfi grunnskólans við frísundaheimilið?	
	Aukið fjármagn gæti gert gott verkefni enn betra.
	Alltaf erfitt að láta nemendur borða í salnum í skólanum því kennsla er enn í gangi hjá miðstiginu. Töluvert öðruvísi agi hjá frístund annars vegar og skólanum hins vegar.
	Á ekki við á mínum vinnustað
	Bæta má skipulag varðandi samnýtingu húsnæðis hvað varðar upplýsingagiöf. Reglulegir fundir hafa ekki verið eins margir þetta skólaár.
	Frístund verði á ábyrgð skólans. Skólareglur séu betur virtar í frístund.
	Getum aukið samstarf enn frekar t.d. á sviði læsis og dregið úr skilum skóla og frístundar
	Misjöfn umgengni starfsfólks frístundar á skólahúsnæði.
	Mjög slæm umgengni er á starfsfólki frístundaheimilis á vinnusvæðum. Oft vondur frágangur.
	Nei!
	Nei. vil samt benda á að við getum ekki útvegað þeim húsnæði, því miður.
	Reglubundnari fundir um almennt samstarf.
	Tíminn milli þess sem skóla lýkur á deginn og þar til starfið hefst í Frístund, skertir dagar, ekki sjálfgefið að börnin fari fyrr í Frístundina þó það komi fram á skóladagatali. Umgengni á t.d. bókasafni og tölvustofu getur verið ábótavant. Við erum með tvö Frístundarheimili og það er misjafnt eftir húsum hvernig tekið er í hlutina og einnig er húsnæðuð betra á öðrum staðnum og meira afmarkað, þar gengur betur en þar sem Frístund er með lítið húsnæði og dreift.
	Upplýsingaflæði gæti verið meira. Oft erfitt að ná á yfirmann eða starfsfólk frístundaheimiliins, umgengni frístundastarfs í skólahúsnæði
	Það er að fjölga og frístundin þyrfti stærra húsnæði.
	Það sem brennur á okkur er húsnæði fyrir frístund
	Það væri draumur ef hægt væri að stilla tímarammann betur saman, þ.e. að frístundastarfið gæti hafist strax eftir grunnskóla. Skólinn nýtur ekki góðs af því að hafa aðgengi að tómsundafræðingum eða starfsfólki frístundar á skólatíma. Það þyrfti að vera fylgd frá frístund í íþróttastarf á frístundatíma.
	Það þarf samtal og skilning þegar verið er að samnýta kennslustofur með frístund ef það gleymist að þá verður til óþarfa pírringur á báða bóga.
	Þar sem frístundastarfsmenn eru stuðningsstarfsmenn að morgni vantar okkur meiri samráðs og samvinnutíma. Þetta fólk nær varla að vinna og undirbúa með kennurum og varla að undirbúa með frístund heldur. Svona samrekstur kallar eiginlega á meiri undirbúning
Er eitthvað annað sem þú vilt koma á framfæri varðandi samstarf við frístundaheimili?	
	Á ekki við
	Hægt að auka samnýtingu á mótuneyti, kjánalegt að frístund sé að kaupa sér inn fyrir síðdegishressingu ætti að tilheyra mótuneytum. Hollustu síðdegishressingar í frístund yrði meiri með þeim hætti.
	Mér finnst gott þegar við getum samnýtt starfsfólk, það er ákveðið öryggi fyrir börnin. Væri gaman að geta unnið meira saman t.d. á þemadögum og uppbrotsdögum.
	Mikilvægt að samstarf á milli skóla og frístundar gangi vel - til þess þarf að skapa traust og velvilja á báða bóga.

Mjög gott samstarf við forstöðumann sem stýrir því!
Nei
Samnýting á rými í húsnæði þar sem hvorki er pláss né nauðsynleg aðstaða fyrir starfsemi frístundar.
Samstarfið er mest við þá sem sinna 1. og 2. bekk (Frístundaheimili) samstarf við stjórnendur og starfsfólk mjög gott.
Samstarfið við starfsfólk frístundar hefur alla tíð verið gott og lausnarmiðað, en ávallt má gera betur.
Það er alltaf veldur hver á heldur. Skiptir miklu máli hver er forstöðumaður frístundar hverju sinni hvað samstarf og vinnu varðar. Mikil skipti búin að vera í frístundinni. Allir samt að vilja gerðir held ég að mér sé óhætt að segja.
Grunnskólinn og félagsmiðstöðin
Getur þú nefnt dæmi um gott samstarf grunnskólans við félagsmiðstöðina?
Aðkoma að lífsleikniverkefni í unglingadeild.
Dagleg viðvera frístundastarfsmanna á skólatíma gerir það að verkum að samtal milli skóla og félagsmiðstöðvar er virkt og það kemur nemendum til góða. Reglulegir fundir með stjórnendum skóla og félagsmiðstöðvar verða til þess að saman finnum við lausnir. Undirbúum saman árhátíð, nemendaþing, útskriftarferð og fl.
Frábært samstarf um mjög marga þætti t.d. húsnæði, félagsstarf unglunga og margt fleira. Starfsfólk félagsmiðstöðvar er mjög sýnilegt í skólanum almennt.
Fulltrúi félagsmiðstöðvar kemur á skólatíma og er með nemendum. Þau styðja og hvetja okkar fólk til að sækja í félagsmiðstöðina, en félagsmiðstöðin er í öðru hverfi og afar erfitt fyrir krakka að fara yfir lækinn. Við erum í góðu samstarfi um alls kyns hluti
Gott upplýsingaflæði á milli. Samstarf með böll og skemmtanir. Þátttaka félagsmiðstöðvar í hópeflisvinnu þegar þörf er á jákvætt.
Góður stuðningur félagsmiðstöðvar sem er utan skólans við félagslífið innan veggja skólans.
Hér er samrekstur sem gengið hefur vel.
Kynfræðsluverkefnið, nemendamál, félagsfærniþópar og félagsmál nemenda.
Kynning á 10-12 ára starfi inni í skólanum
Lítil samskipti hafa verið. En starfsfólk félagsmiðstöðvarinnar koma með fræðslu fyrir nemendur sem hefur gengið mjög vel.
Móttöku nemenda af erlendum uppruna. Aukið frístundastarf fyrir 10-12 ára er til fyrirmyndar!!!
Nemendur í 5-7.b sækja félagsstarf í félagsmiðstöð sem er ekki starfrækt í skólanum. Við erum ekki í miklu samstarfi ...en það sem er, er gott.
Samstarf um félagslíf, nemendamál/samskipta- og eineltismál, samnýting húsnæðis, réttindaskólaverkefni og fl.
Samstarf v. viðburði eins og árhátíð, skólaferðir í skólabúðir eða aðrar ferðir yfir nótt. Frímínútna viðvera.
Stofnun feministafélags, fundir og lausnamiðuð samtöl
Valgrein á unglingastigi skipulögð og kennt af starfsfólki félagsmiðstöðvar. Sameiginleg forvarnarverkefni. Þátttaka í kynfræðsluverkefni á unglingastigi.
Við fundum vikulega með forstöðumanni félagsmiðstöðvarinnar. Hann er sýnilegur og er alltaf til í að vinna með okkur í t.d. erfiðum félagslegum málum. Aðrir starfsmenn eru líka sýnilegir og líta við að ræða málin eins og þurfa þykir. Eru alltaf boðin og búin til þess að hafa aðkomu að uppbrotum og öðru tengt skólanum. Vinna þétt við með móttökuteymi skólans og er hluti af móttöku hælisleitenda.
Viðvera félagsmiðstöðvarinnar í skólanum á skólatíma

	Virkt samstarf í formi funda og skipulags á samstarfi.
	Ýmis forvarnarverkefni.
	Það er bara mikið samstarf. Félagsstarfskennarinn er í stöðugu sambandi við forstöðumenn félagsmiðstöðvarinnar.
	Getur þú nefnt dæmi um eitthvað sem mætti betur fara í samstarfi grunnskólans við félagsmiðstöðina?
	Aukið samstarfið enn frekar og hugsað nýjar leiðir
	Í raun ekki neitt, höfum alltaf átt frábært sambýli við félagsmiðstöðina og frístundamiðstöðina.
	Man ekki eftir neinu.
	Misjöfn umgengi starfsfólks á skólahúsnæði.
	Mætti vera meiri opnum fyrir unglingana í hádegi og frímínútnátíma. Mætti vera meira í boði fyrir miðstiðgið.
	Nei.
	Reglubundnari fundir milli skóla og félagsmiðstöðvar.
	Samstarfið mætti vera meira, spurning um peninga.
	Skipulag varðandi samnýtingu húsnæðis.
	Upplýsingaflæði v. starf félagsmiðstöðvar. Starfsmenn forfallaðir á tíma sem reiknað er með þeim í skólanum á skólatíma
	Við í skólanum mættum vera í meiri samskiptum til að fá upplýsingar um nemendur eða annað.
	Væri gott ef að starfsmenn félagsmiðstöðvarinnar væru meira á vettvangi hér...
	Væri mun heppilegra að hafa félagsmiðstöðina nær skólanum
	Það er ekkert samstarf,
	Það getur bara ekki verið betra.
	Það þarf að fara vel yfir með starfsmönnum félagsmiðstöðvar hvaða reglur gilda t.d. tengdu grænánaverkefni og almennri umgengni. Ef það samtal er gott að þá gengur allt betur.
	Æskilegt að starfsmenn félagsmiðstöðvar væru meira inni í skólanum á dagtíma - vantar aðstöðu til þess.
	Er eitthvað annað sem þú vilt koma á framfæri varðandi samstarf við félagsmiðstöð?
	Betra væri að félagsmiðstöðin hefði aðstöðu innan skólans. Báðir aðilar nytu góðs af því - styrkur fyrir nemendur og skólann að geta leitað til starfsfólk fél.m. á dagvinn tíma
	Erfitt að svara, erum ekki með 1. - 4. bekk og ekki félagsstarfs við skólann
	Forstöðumaður félagsmiðstöðvar kemur 2 xá skólaári inn á skólaráðsfundi og kynnir með fulltrúum nemenda starfsáætlun félagsmiðstöðvarinnar. Einnig gefst þá tækifæri til að ræða mál eða undirbúa sameiginlega viðburði. Einnig skiptir þetta óformlega samtal í daglegu starfi máli, þannig tekst okkur oft að nálgast nemendur og ná að leysa vanda þeirra eins og félagslega einangrun, halda betur utan um nemendur í áhættuhópi og fl og fl. Þetta er dýrmætt samstarf.
	Forstöðumaðurinn okkar er sérlega jávæður og viljugur, ber alltaf hagsmuni unglínganna fyrir brjósti. Einstaklega gott samstarf sem er svo sannarlega til eftirbreytni.
	Gott samstarf, gulli betra
	Ítreka að samstarfið er mjög gott.
	Mikilvægt að samstarf sé virkt og traust sé á milli skólastjóra og forstöðumanneskju.
	Nei

Nei
Samreksturinn gengur vel
Samstarfið við félagsmiðstöðina hefur alla tíð verið til fyrirmyndar. En eins og ávallt má gott bæta.
SFS þyrfti að stýra því að samstarfið yrði formgert á milli aðila. Þetta á kannski meira við um skólana upp í 7. bekk. Ekkert samstarf þar á milli.
Varðandi húsnæði fyrir félagsmiðstöðina þá teljum við ekki þörf á samnýtingu.
Væri hægt að nýta félagsmiðstöðina betur á daginn ef hún væri nær.

SVÖR FORSTÖÐUMANNA FRÍSTUNDAHEIMILA

Getur þú nefnt dæmi um gott samstarf frístundaheimilisins við grunnskólann/ana?
Auðvelt að tala saman, finna lausnir.
Boða forstöðumenn frístundaheimilis á teymisfundi, nemendaverndarráðsfundi, funda 1x í mánuði um dagatal mánuðarins, fara yfir heila daga og uppákomur. Funda með kennurum 1x í mánuði um börnin sem eru í frístund.
Boðum á Teymisfundi, hittumst daglega til að ræða lítil mál. Fáum að nota þar matsal.
Bæði skóli og frístundaheimili eru dugleg að hafa samband ef það þarf að deila upplýsingum eða afla sér upplýsingar
Dagleg samskipti, teymisfundir.
Erum í miklum samskiptum við stjórnendur og kennara. Mætum á stuðningsbarnafundi og fl. fáum að nota tölvustofur og íþróttahús
Skólinn er mjög virkur í samstarfi og er duglegur að hafa samband ef eitthvað er
Frístundaheimilisstarfið er hluti af skóladegi barnanna í 1.-4. bekk á þann hátt að frístund er inni í stundatöflum barnanna.
Húsnæðisnýting. T.d. notkun á eldhúsi og íþróttasal. Samstarf um heimsóknir skólahópa af leiksskólum svo börnin upplifi jákvæða tengingu milli skóla og frístundar.
Mjög góð samskipti og sveigjanleiki á milli frístundar og skólastjórnenda.
Opin og góð samskipti kennara í 1. bekk við starfsfólk frístundaheimilis, regluleg samskipti forstöðumans við stjórnendur skóla og sérdeild skólans.
Reglulega fundir með skólastjórn, boð á teymisfundi, bóð á yngsta stigs fundir
Reglulegir fundir m. skólastjóra, nemendaverndarráðsfundir, teymisfundir, gott spjall á göngum og almenn kurteisi, samráð og samstarf
Reglulegir fundir stjórnenda, Forstöðumenn ráðfæra sig reglulega við skólastjórnendur
Reglulegir fundir vegna málefna barna, samstaða í að taka á agamálum, lausnamiðuð hugsun.
Samstarf við skólastjórnendur hefur gengið frábærlega. Báðir aðilar gera sitt allra besta til að aðstoða hvert annað. Við höfum aðstoðað skólann og þau okkur.
Stjórnendur grunnskólans hefur verið dugleg að finna ný rými sem við getum nýtt
Útikennsla, við nýtum okkur kennara sem sér um það í skólanum og hún aðstoðar. Allir kennara hjá okkur eru tilbúnir til að aðstoða og leiðbeina í frístund
Við eigum í jákvæðum samskiptum, heyrumst annað slagið í sambandi við tiltekin mál og svo fáum við að nota strætókortið þeirra.

Við í frístundinni höfum þurft að aðlagast ýmsum breytingum á aðstöðu okkar vegna framkvæmda í skólanum.
Við sækjum nemendaverndaráðsfundi á 2 vikna fresti. Einnig hittir frístundaráðgjafi frístundaheimilis þroskaþjálfá skólans vikulega til þess að fara yfir stöðuna/upplýsingar varðandi börnin.
Vinsemd og hjálpssemi
Það er fundur reglulega með aðstoðarskólastjóra, þá er talað um hvað má bæta hjá okkur og þeim. Börn rædd ef það er eitthvað sérstakar upplýsingar
Þegar unnið er að sameiginlegum verkefnum sem mynda góða heild. Eins og réttindaskólaverkefnið sem dæmi eða öll verkefni sem hægt er að nýta styrkleika og sérstöðu hvors annars í sterkari vinnu með börnum.
Getur þú nefnt dæmi um eitthvað sem betur mætti fara í samstarfi frístundaheimilisins við grunnskólann/ana?
Að leyfi væri fyrir ótakmörkuðu upplýsingaflæði á milli varðandi velferð barna sem að sækja starfið.
Að starfsmenn grunnskólans beri meiri virðingu fyrir starfinu okkar og að þau átti sig á því að við 'eigum' svæðin í skólanum jafn mikið og þau
Aðallega samskipti. Mættu vera betri og meiri. Frístundin mætti vera inn í fleiru málum sem tengjast td börnunum. Einnig samskipti við kennara.
Aðallega viðhorf skólaliða til starfsfólks frístundaheimilis. Mætti vera vettvangur 1-2 á ári þar sem starfsfólki frístundar og skóla er gert kleift að hittast og kynna verkefni sín fyrir hvort öðru.
Allt hér að ofan
Ekkert í samstarfinu sem ég hef út á að setja
Erum í húsnæði skólans, þrif og viðhald er ábótavant. Heilbrigðiseftirlitið hefur sett út á gólfefnið í mörg ár en ekkert gerist. Dúkurinn er ónýtur.
Grunnskólinn er ekki duglegur að hafa samstarf við okkur ef eitthvað kemur upp á. Gleymir okkur t.d. við boðun teymisfundar og fl.
Kannski meiri kynning á starfseminni fyrir kennara (er reyndar í vinnslu eftir að kennarar barnanna í frístundaheimilinu fóru á póstlista frístundaheimilsins). En svona fyrir aðra kennara.
Markvissari samvinna t.d með hegðunarvanda/frávík/ eineltismál. Nýting mögulega á fleiri rýmum.
Meiri áhugi og skilningur hjá t.d. kennurum varðandi starfsemi frístundaheimilisins.
Meiri fyrirvari ef skólinn þarf að nota húsnæðið sem við höfum aðgang að.
Meiri og betri samskipti þegar kemur að skertum dögum og öðrum verkefnum
Mér finnst vanta að í vinnu með börnum megi frístund og skóli tala saman um hagsmuni barna. Eins og í barnaverndarmálum að skóli og frístund geti rætt saman til að fá góða mynd af aðstæðum barnsins. Kannski þarf að fara yfir persónuverndarlögin með tilit til þessa og gefa skýran ramma hvað þetta varðar. Það styður við börnin að þessir þjónustu aðilar tali saman þegar upp koma vandamál (það eru hvort sem er allir búnir að skrifa undir trúnaðaryfirlýsingu hjá sama fyrirtækinu).
Mættu vera markvissari fundir við kennara, almennt um börnin.
Nýting rýmis og virðing fyrir frístundastarfi.
Samnýting/ aðgangur að rými
Skilja að það heyrir í börnum þegar þau leika sér.

Upplýsa okkur betur ef það eru rými sem við eigum afnot af þann daginn að láta okkur vita, það gleymist nánast alltaf. Gleymist líka stundum að boða okkur á teymisfundi.
Upplýsingaflæði og nýting húsnæðis mætti vera betri.
Við myndum vilja sitja fundi sem snúa að okkar börnum annað slagið. Við myndum vilja fá aðgengi að skólastofum og íþróttasal (erum með hann í 1klst á viku)
Við verðum að auka upplýsingaflæði okkar á milli. Í báðar áttir. Einnig mætti vera aukning á sameiginlegum viðburðum t.d. jólaball skólans og annað slíkt.
Það þarf að búa til 100% stöður fyrir alemnastarfsmenn þannig að það sé auðveldara að vinna bæði í skólanum og frístund.
Þrif þurfa að vera betri og húsvörður fljótar að ganga í verkin
Er eitthvað annað sem þú vilt koma á framfæri varðandi samstarf við grunnskóla?
:)
Aðstoðarskólastjórinn í skólanum okkar er ÆÐI!
Bara að fleiri ættu í svona góðu samstarfi við skólanna væri frábært. Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri eru algjörlega til fyrirmyndar.
Gott samstarf = betra fyrir alla, þá séstaklega börnin :)
Gott samstarf skóla og frístundarheimilis er grunnur að góðri þjónustu
Í heildina litið er ég mjög ánægð með samstarfið við skólann, sérstaklega það samstarf sem við kemur upplýsingaflæði varðandi stuðningsbörnin sem og önnur börn.
Já að við vinnum með sömu börnin.
Kennarar hleypa stundum börnum of snemma úr skólanum, þau koma þá fyrr til okkar en 13:40. Einnig koma sum börn seint til okkar án þess að við séum látin vita sem gerir það að verkum að við förum að leita að barninu
Mikilvægt að kynna Rýmissamninga vel fyrir starfsmönnum skólanna svo ekki myndist leiðindi og misskilningur á milli
Mjög mikilvægt, arf að skipuleggja vel og út frá öllum flötum... t.d. samnýting, samtal, samstarf...
Neee... vantar bara meira pláss og lappa upp á skólann en það er ekkert sem kemur okkar góða samstarfi við
Nei
Nei.
Nei.
Passa þarf upp á fræðslu um gildi hvors starfsstaðar fyrir sig gagnvart hvort öðru. Þannig verður flæði samstarfsins betra.
Vinn í samreknum skóla, leik-, grunnskóli og frístund og þykkir mér það starf alveg frábært.
Það hindrar okkur í samstarfi hversu langt frá skólanum húsnæði frístundaheimilisins er

SVÖR FORSTÖÐUMANNA FÉLAGSMIÐSTÖÐVA

Getur þú nefnt dæmi um gott samstarf félagsmiðstöðvarinnar við grunnskólann/ana?
Vikulegir fundir með deildarstjóra og námsráðgjafa. Kynningarviðtöl. Samstarf með stórvíðburði ofl

Deildarstjóri unglíngadeildar er mjög öflug og allir fundir og önnur samskipti ganga gríðarlega vel. Hún er í lykilhlutverki í samskiptum okkar við skólann og sinni því að mikilli fagmennsku
Félagsmiðstöðin getur fengið flest rými og á í miklu og nánu samstarfi við grunnskólann um hag barna.
Forstöðumaður á reglulega samráðsfundi við stjórnendur skólans, einnig er hann kallaður inn á nemendaverndarráðsfundi þegar þurfa þykir. Einnig eru dyr aðstoðarskólastjóra (sem var deildarstjóri unglíngadeildar) alltaf opnar og okkar samstarf mikið. Einnig er umsjónarmaður skóla greiðvikinn og er okkar samstarf mjög gott.
Forstöðumaður er einn af tveimur félagsstarfskennurum við skólann og tekur þátt í að skipuleggja allt félagsstarf skólans.
Forstöðumaður hittir námsráðgjafa 2 í mánuði. Starfsmenn félagsmiðstöðvarinnar eru einnig með valfag sem verður kennt í félagsmiðstöðinni.
Forstöðumaður situr nemendaverndarráðsfundi. Er í reglulegu samtali við skólastjórnendur. Er í samskiptum við kennara skólans. Skólinn ber ákveðna virðingu fyrir okkar rými og því sem við eigum og það ríkir traust á milli.
Góð samskipti á milli og gott upplýsingaflæði
Grunnskóli og félagsmiðstöð
Höfum unnið ýmislegt í samstarfi, byrjuðum með nemendaráð og tókum þátt í Skrekk.
Mánaðarlegir fundir með skóla Alltaf heyrt í okkur ef eitthvað kemur upp. Góður vilji fyrir samstarfi.
Móttökuáætlun Árbæjar
Opnanir í frímínútum á skólatíma alla daga, Sameiginleg vinna við árshátíðir og aðrar uppákomur í félagsmiðstöðinni og skólanum, Vinna að sumarhátíðum með skóla og foreldrafélagi, hópefli í bekkjum á skólatíma, sameiginlegt nemendaráð, góð samnýting á húsnæði, við erum þátttakendur í ferðum með skólanum, sameiginleg vinna með einstaklinga sem þurfa á aðstoð að halda,
Reglulegir fundir með námsráðgjöfum og skólastjórnendum. Sameiginleg böll. Kynfræðsluverkefni, tómstundafræðival og lífsleiknikennsla.
Sameiginleg böll og viðburðir. Fundir með námsráðgjafa
Skólinn er tilbúinn að láta okkur hafa allt það rými og bjargráð sem þau geta til að gera starfið okkar betra. Við erum í mikul samtali við skólann um unglíngana og reynum að samræma aðgerðir ef eitthvað kemur upp á. Það er mikið upplýsingaflæði
Við erum mjög lítil félagsmiðstöð það er að segja við höfum ekki mikið pláss en fáum sem betur fer mikið að nota pláss og kennslustofur í skólanum (t.d. matreiðslustofu) í okkar starfi. Einnig fá krakkarnir oft að koma á skólatíma og nýta aðstöðuna sem við höfum (t.d. notkun á stúdíói o.fl.)
Við fundum hálfsmánaðarlega hið minnsta um stöðu unglíngana í hverfinu.
Öllum skólum sem félagsmiðstöðin er í samstarfi við var sendur upplýsingabæklingur um starfið
Getur þú nefnt dæmi um eitthvað sem betur mætti fara í samstarfi félagsmiðstöðvarinnar við grunnskólann/ana?
Að félagsmiðstöðin hefði aðgangi að búnaði í skólanum óáreitt. Að skólinn sýni því skilning að félagsmiðstöðinni er gert að vinna inni í húsnæðum skólanna. Að skólinn gerði sér grein fyrir hlutverki sínu gagnvart skólabrag, stemmningu og félagslífi nemenda. Að samstarf skóla og félagsmiðstöðvar sé skýrt og sé farið að með virðingu.

	Að skólarnir hafi oftast samband ef eitthvað kemur upp varðandi börn og unglunga í þjónustu
	Alltaf kvartað hjá einstökum kennurum vaðandi afnot af aðstöðu. Skrifstofan er kústaskápur.
	Ekkert sem kemur í hugann því hlutir eru ræddir og afgreiddir áður en þeir komast á leiðinlegt stig.
	Frábært samstarf en einstaka sinnum gleyma kennarar sér og segja við börnin að eh hljóti að vera félagsmiðstöðinni að kenna.
	Kennarar skólans upplifa okkur oft sem óþarfi og finnst við frekar trufla starfið en bæta það. Kennari skólans hefur meðal annars litið á veru okkar í skólanum sem vinsældarkeppni milli hennar og félagsmiðstöðvar og ber litla sem enga virðingu fyrir því fagstarfi sem unnið er í félagsmiðstöðinni.
	Mætti skoða að fá félagsmiðstöðvastarfsmenn inn í lífsleiknikennslu.
	Mætti vera betra upplýsingaflæði
	Mætti vera meiri skilningur frá skólanum í okkar garð og meiri virðing fyrir okkar starfi og markmiðum.
	Nei
	Nei, samstarfið er allt eins og best verður á kosið.
	Seta starfsmanns félagsmiðstöðvar á fundum sem við á samkvæmt viðmiðum SFS
	Unglingaráð Nýting húsnæðis
	Upplýsingaflæði varðandi alvarlega atvik mætti stundum vera betra. Félagsmiðstöðin þarf nánast alltaf að sækjast eftir upplýsingum af sjálfsdáðum.
	Við fáum betri upplýsingar frá skólunum varðandi ákveðin mál og einstaklinga.
	Við mættum vera í meira sambandi við þá tvo skóla sem við erum að þjónusta (þá tvo aðra en þann sem við erum með húsnæði okkar í).
	Það er samt erfitt að vera annars flokks í húsnæðinu. Höfum fengið aðgengi að heimilisfræðistofu, hefur gengið vel en höfum samt fengið hótun um að hún verði tekin af okkur ef við göngum ekki nægilega vel um. Maður verður þreyttur á því að vera oft undir eftirliti. Maður upplifir stundum að eitthvað fer á mis í húsnæðinu þá er dregið þá ályktun að við séum sökudólgar. Megum ekki breyta miklu - erum að reyna að gera okkar besta úr því sem við höfum. En skólinn er gjörsamlega að springa vegna húsnæðisleysis sem ég held að í grunninn sé rót vandans. Það er bara ekki pláss fyrir allt sem við viljum gera. Erum einnig að samnýta rými með frístund - rekst einnig á.
	Er eitthvað annað sem þú vilt koma á framfæri varðandi samstarf við grunnskóla?
	Allt samstarf á milli minnar félagsmiðstöðvarinnar og skólana er mjög gott, hefur ekki verið jafn gott í mörg ár.
	Almennt gott en það þarf að leita leiða til að vinna betur saman á skilvirkari og formlegri hátt. Að skólinn sjái okkur sem faglegan kost þegar vinna þarf verkefni sem tengjast velferð unglunganna
	Er bara mjög ánægður með samstarfið
	Ég held að allir grunnskóla græði á því að vera í góðu og reglulegu samstarfi við félagsmiðstöðvarnar frekar en að tapa á því og ég vona að fleiri skólastjórnendur átti sig á því að samstarf skilar margfalt betri yfirsýn og utanumhaldi, styrkir netið í kringum börn og unglunga. Að því sögðu er ég virkilega þakklát fyrir mjög gott samstarf við skólastjórnendur og starfsfólk skólans sem ég starfa við.
	Heilt yfir er mikil ánægja með samstarf við skólann á unglingasviði. Þegar kemur að miðstigi er samstarfið lítið sem ekkert.

	Mjög gott samstarf en rými í skólanum er ekki nægilegt fyrir alla. En skólinn hefur t.d alltaf gefið okkur fullan aðgang að íþróttasalnum.
	Nei
	Staða minnar félagsmiðstöðvar er einstök og ræðst að öllu leyti af viðhorfi stjórnenda. Skólinn er einstakt fyrirmyndardæmi um hversu gott og vel samstarf getur gengið. Félagsmiðstöð er engu að síður fag- og menntastofnun sem nær ekki sínum markmiðum fullkomlega í samnýttu rými og of víða innan Reykjavíkur alltof háð stjórnendum annarra stofnanna.
	Við í félagsmiðstöðinni er mjög ánægð með okkar skóla og lítum á okkur sem hluta af honum.